



Fréttabréf

Hveragerðisbæjar

1. tbl. · 2. árg. · Ágúst 2007



Blómstrandi dagar verða haldnir í Hveragerði 23. - 26. ágúst

Dagskrá um helgina er með fjölbreyttasta móti og eru allir hvattir til að kynna sér hana á www.blomstrandidagar.is. Á laugardaginn verður mikil útihátíð þar sem meðal annars verður boðið upp á markaðstorg. Þar gefst öllum tilvalið tækifæri til að láta hugmyndaflugið njóta sín og taka þátt. Handverksfólk, sultu- og kökugerðarmeistarar, grænmetissalar og allir aðrir sem hafa gaman af því að taka þátt í skemmtilegum degi. Síðan er auðvitað tilvalið að tæma geymsluna og slá upp flóamarkaði!

Þeir sem vilja taka þátt í markaðstorgi á laugardaginn eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband í síma 860 0070 eða á blomstrandidagar@hvergerdi.is.

Við hvetjum bæjarbúa til að fegra umhverfi sitt og lífga upp á garða sína t.d. með blómum, ljósum o.þ.h. Hvað með að endurvekja gamlan sið, skreyta hjólbörur heimilisins og stilla þeim síðan upp í innkeyrslunni? Einnig er tilvalið að nota tækifærið og blása til götu-, hverfa- eða fjölskyldugrills á laugardaginn og fjölmenna síðan á brekkusöng og flugeldasýningu um kvöldið.

Klæðum bæinn í hátíðarbúning, snyrtum í kringum okkur og drögum fána að húni.

Gleðilega hátíð!

Ágætu bæjarbúar!



Blómstrandi dagar verða haldnir um helgina en þeir hafa fyrir löngu tryggt sér sess í hugum okkar Hvergerðinga. Fjölbreytt

dagskrá alla dagana nær hápunkti á laugardagskvöldið með brekkusöng og flugeldasýningu sem enginn má missa af.

Á laugardaginn kl. 16 verður afhjúpað skilti um skáldin sem búsett voru í hinu svokallaða Skáldahverfi á árum áður, en búseta þeirra í þessum götum varð til þess að viðurnefnið Skáldagötur festist við þær. Vill bæjarstjórn heiðra þessa frumbyggja Hveragerðis sem svo sterklega settu svip á bæinn á árdögum byggðar í bæjarfélaginu. Áhugasamir eru hvattir til að mæta og taka strax í kjölfarið þátt í göngu um skáldagöturnar undir styrkri leiðsögn Björns Pálssonar.

Ennfremur vil ég minna á afhendingu viðurkenninga fyrir fegurstu garðana sem fram fer í inngangshúsi Hverasvæðisins á laugardaginn kl. 11:30. Þar veitir Umhverfisnefnd viðurkenningar fyrir lóðir sem skara framúr í umhirdu og útliti árið 2007. Allir eru velkomnir á athöfnina. Að henni lokinni er tilvalið að hitta bæjarfulltrúa með því að þiggja pylsur sem þeir munu grilla fyrir gesti og gangandi við íþróttahúsið kl. 13. Blómstrandi dagar eru fyrst og fremst hátíð okkar íbúanna og því er mikilvægt að við tökum virkan þátt til að hátíðin heppnist sem best. Skreytum bæinn og garðana, hengjum upp ljós og setjum blóm á áberandi stadi. Látum hátíðina standa undir nafni og bæinn okkar ekki síður sem Blómstrandi bæ.

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri

Endurbætur á hitaveitunni í fullum gangi

Nú er tengingum grunnskólans og íþróttahússins við nýju tvöföldu hitaveituna í bænum að ljúka og hafa bæjaryfirvöld og Orkuveitan lagt mikla áherslu á að klára það verkefni fyrir upphaf skólaársins.

Það hefur víst ekki farið fram hjá neinum að Orkuveitan stendur í miklum endurbótum á hitaveitunni í bænum, en samhliða er bærinn einnig að endurbæta sínar lagnir, þar sem þess er þörf.

Staða framkvæmda er í stuttu máli sú að í næstu viku verður lokið við að tengja grunnskólann og íþróttahúsið nýja tvöfalda kerfinu og búið er að loka skurðum við Þelamörk. Verkefnunum við Heiðmörk og Reykjamörk verður lokið í októberbyrjun og er það viku síðar en upphaflega var gert ráð fyrir. Á sama tíma á framkvæmdum við Kambahraun að vera lokið, en þar stendur yfir endurnýjun allra lagna, stofnæða og heimtauga. Næsta verkefni sem ráðist verður í er Heiðmörkin, austan Reykjamerkur, og gæti það verk hafist um næstu mánaðamót.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR

Vel gengur að manna stöður - engir biðlistar

Lokaáfangi Óskalands verður tilbúinn nú í vikunni og opna þá tvær nýjar deildir. Með þeim telst byggingu leikskólans lokið. Börnin munu mæta strax í kjölfarið og efast ég ekki um að tilhlökkunin er mikil eftir því að mæta í nýja leikskólann sinn. Hér í bæ verða ekki biðlistar eftir leikskólavist þegar þessar deildir hafa verið teknar í notkun og jafnframt verður öllum börnum 18 mánaða og eldri tryggð leikskóladvöl. Framkvæmdir við viðbygginguna hafa gengið mjög vel. Einnig er ánægjulegt hversu vel hefur tekist að ráða gott fólk til starfa en 5 nýir starfsmenn hafa nú hafið störf á Óskalandi og því er hægt að opna nýju deildirnar tvær um leið og verkinu lýkur. Alls starfa 22 starfsmenn á Óskalandi en um 73 börn stunda þar leikskólanám komandi vetur.

AH

Gætið að gæludýrunum

Mikið er um kvartanir vegna katta þessa dagana og ljóst að þolinmæði fólks gagnvart annarra manna heimilisdýrum eru takmörk sett. Gæludýraeigendur verða að taka tillit til nágretta sinna og takmarka eins og kostur er óþríf og ágengni katta í nágrennagörðum og húsum. Því vill bæjarstjóri benda kattaeigendum á samþykkt um kattahald sem í gildi er í Hveragerðisbæ og finna má í heild sinni á vef bæjarins undir liðnum „Efnisveita“.

Í 5. grein segir orðrétt: „Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrífum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.“

Gæludýraeigendur er hvattir til að gæta vel að gæludýrum sínum því þrátt fyrir að þau séu okkur til mikillar gleði þá er ekki sjálfsgætt að nágrannar okkar séu ávallt sama sinnis.

AH

Sumarstarfið 2007

Sumarskólinn

Um 90 krakkar á aldrinum 6-12 ára tóku þátt í sumarskóla Hamars og Hveragerðisbæjar sem stóð yfir í 8 vikur í sumar. Dagskrá var mjög fjölbreytt þær 2 vikur sem hvert námskeið stóð yfir, s.s. sundferðir, sveitaferðir, bíó, ratleikir, göngu- og fræðsluferðir ásamt ýmsu öðru. Grillað var í lok hvers námskeiðs. Bragi Bjarnason íþróttfræðingur sá um námskeiðin ásamt starfsfólki úr Vinnuskóla Hveragerðisbæjar og stóðu þau sig frábærlega, ásamt öllum þeim börnum sem tóku þátt í sumarskólanum 2007.

Sundnámskeið

Magnús Tryggvason íþróttakennari og sundþjálfari sá um hin sívinsælu sundnámskeið. Sextíu krakkar frá 4-10 ára mættu og lærðu allt varðandi sundíþróttina. Nemandi úr Vinnuskólanum aðstoðaði Magnús við kennsluna og starfsfólk sundlaugarinnar sá um aðstoð í klefum fyrir þau allra yngstu. Eins og undanfarin ár voru námskeiðin mjög vel sótt og eru bæjarbúar heppnir að Magnús skulistanda fyrir sundnámskeiðunum árlega.



Golfnámskeið

Haldin voru þrjú golfnámskeið undir handleiðslu Einars Lyng golfkennara. Alls mættu rúmlega 30 krakkar á námskeiðin þar sem farið var í helstu undirstöðuatriði golfsins, endað var á golfmóti og grillveislu á vellinum við Hótel Örk. Mátti sjá mikla gleði hjá öllum þátttakendum ásamt því að allir tóku framförum í sumar.

Skólagarðar

Í sumar var gróðursett í 40 skólagarða snemma í júní. Mestur tími í sumar fór í að vökva garðana ásamt því að reyta arfa. Þess á milli var farið í leiki, grillað, farið í gönguferðir og bíó. Margrét Svanborg Árnadóttir og Sunna Björk Guðmundsdóttir ásamt ungmennum úr

Vinnuskólanum sá um að halda uppi stuðinu í skólagörðunum í sumar. Uppskeruhátíð var haldin 10. ágúst þar sem í boði var pizza, drykkir og ný uppteikið grænmeti. Annar uppskerudagur verður í byrjun september.

Reiðnámskeið

Hestamannafélagið Ljúfur sá um 6 reiðnámskeið fyrir hressa krakka 6 ára og eldri og var fullbókað á þau öll. Kennari var Sigrún Sigurðardóttir reiðkennari ásamt nemendum úr Vinnuskólanum sem einnig eru vanir hestamenn frá Ljúfi. Kennslan fór fram hjá Eldhestum og miðað við áhugann eru reiðnámskeiðin komin til að vera.

Gæsluvöllur

Líkt og áður var gæsluvöllur starfræktur við Fljótsmörk á meðan leikskólar bæjarins Óskaland og Undraland voru lokaðir. Í heildina voru rúmlega 300 heimsóknir barna á aldrinum 2-6 ára yfir 6 vikna tímabil. Margrét Svanborg og Sunna Björk ásamt ungmennum úr Vinnuskólanum stýrðu gæsluvellinum með miklum glæsibrag.

Vinnuskóli

Í heildina tóku u.þ.b. 50 manns þátt í Vinnuskóla Hveragerðis sumarið 2007 bæði nemendur og starfsfólk. Ýmis störf voru unnin s.s. við öll þau námskeið sem voru á vegum Hveragerðisbæjar, snyrtingu bæjarins í samvinnu við Áhaldahús Hveragerðis, gæsluvelli og skólagarða ásamt ýmsum tímabundnum sérverkefnum. Starfsemi vinnuskólans hefur breyst töluvert á síðustu árum með tilkomu allra þeirra sumarnámskeiða sem boðið er upp á. Þetta má best sjá á því að þeir sem sinna umhirdu bæjarins eru um 15 í ár en voru áður um þriðjungi fleiri. Fyrir hönd Hveragerðisbæjar vil ég þakka öllum sem tóku á einn eða annan hátt þátt í sumarstarfinu 2007 og vonandi sjáum við sem flesta næsta sumar.

Pétur Ingvarsson, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi

Garðaskoðun

Verðlaunagarðar ársins 2007 verða opnir almenningi sunnudaginn 26. ágúst milli klukkan 15 og 17.

Upplýsingar um þá garða sem hljóta viðurkenningar í ár verða á heimasíðu Hveragerðisbæjar.

Skólastarfið í Hveragerði fer líflega og vel af stað

Dagana 9. og 10. ágúst sátu allir kennarar skólans námskeið og málþing um fjölbreytt skólastarf. Námskeiðið fór fram í Grunnskólanum en var skipulagt af Skólaskrifstofu Suðurlands. Dagana 13. og 14. ágúst sátu allir umsjónarkennarar 1. - 4. bekkja námskeið um byrjendakennslu í lestri. Er þetta liður í þróunarverkefni skólans sem gengur út á að endurskoða og þróa lestrarnám og ritun á yngsta – og miðstigi. Önnur þróunarverkefni sem unnið verður að í vetur eru Græna framtíðin, en það verkefni gengur út á þróun námsefnis á breiðu sviði náttúrufræða og nýbreytni í kennsluháttum sem tengist öllum námsgreinum nemenda. Á elsta stigi verður unnið með þróunarverkefnið Markmiðasett nám á elsta stigi en það verkefni gengur út á að gera nemendum í níunda bekk kleift að ljúka grunnskólanámi fyrr, en til þess þarf nemandinn að setja sér snemma það markmið að standast þær kröfur sem skólinn og aðalnámskrá setja. Í starfsáætlun skólans er gert ráð fyrir að unnið sé með valda þætti skólastarfsins. Þessir þættir eru undirbúningur að 60 ára afmæli skólans, sem er á þessu ári, Olweus – eineltisáætlun, námsmatvinnu, einstaklingsmiðað nám og fjölbreyttir kennsluhættir svo eitthvað sé upptalið.



Stjórnendakvóti skólans hefur verið aðlagður að því sem gerist í sambærilegum skólum. Aðstoðarskólastjórar eru tveir, þau Helga Guðrún Guðjónsdóttir og Páll Leó Jónsson en skólastjóri er Guðjón Sigurðsson. Fjórir nýir kennarar, verðandi þroskajálfri og einn stuðningsfulltrúi hafa bæst í hópinn frá síðasta starfsári og eru þeir boðnir hjartanlega velkomnir til starfa.

Vinnu við skólalóðina er lokið og hefur tekist einstaklega vel með hönnun hennar hvað notagildi og útlit varðar. Unnið er hörðum höndum þessa dagana og næstu vikur við að koma í notkun list- og verkgreinahúsi skólans sem er staðsett við Breiðumörk,

í kaupfélagshúsinu gamla. Stefnt er að því að taka húsnæðið í notkun í október á þessu ári.

Frístundaskóli verður starfræktur í samstarfi við Grunnskólann fyrir nemendum í 1. - 4. bekkjum.

Það er mikill hugur í starfsfólki skólans um að vinna að því sameiginlega markmiði að gera góðan skóla betri. Nauðsynlegt er að allir í skólasamfélaginu þ.e. nemendur, starfsfólk, forráðamenn og aðrir þeir sem koma að skólastarfinu, leggist á eitt um að það markmið náist með góðu samstarfi og samvinnu.

Helga Guðjónsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Fótboltaáhugamenn athugið!

Meistaraflokkur Hamars í knattspyrnu spilar í fyrsta sinn til úrslita í 3. deild. Leikurinn fer fram á Grýluvelli kl.14 n.k. laugardag. Hið alræmda og þekktu lið Björvömb á síðan leik kl. 17, sama dag, á sama stað. Í lok þess leiks verður Björvambarmönnum afhentur bikar en þeir unnu sunnlensku deildina í sumar.

Fjölmennum á leikina og hvetjum okkar menn til dáða.

Byggðin mín

Byggðin mín er ímynd allra óskar hugur manns.

Allt ber vitni austanfjalls um alúð skaparans.

Líkt og ilm í blíðum blæ blessun hans ég finn.

Í Hveragerði, blómabæ er bústaðurinn minn.

Í heiðar skjóli og Hamars vörn er hugljúft gróðurvé.

Hérna vaxa upp broshýr börn, blómaskrúð og tré.

Hveragerði heiðurs sess hljóti sí og æ, yndisfríð er ásynd þess, ég elska þennan bæ.

Rannveig Hjálmarisdóttir, íbúi í Hveragerði
(Lag: Love me tender)